

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 23/2013

2013/EES/31/23

frá 1. febrúar 2013

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 859/2011 frá 25. ágúst 2011 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd að því er varðar flugfárm og flugpóst ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 173/2012 frá 29. febrúar 2012 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 að því er varðar nánari útlistun og einföldun á tilteknum, sértækum flugverndarráðstöfunum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 711/2012 frá 3. ágúst 2012 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd að því er varðar aðferðir við skimun annarra einstaklinga en farþega og hluta sem þeir bera á sér ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/5862/ESB frá 17. ágúst 2011 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/774/ESB um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd að því er varðar flugfárm og flugpóst.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/9407/ESB frá 21. desember 2011 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/774/ESB að því er varðar flugfárm og flugpóst.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/1228/ESB frá 29. febrúar 2012 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/774/ESB að því er varðar nánari útlistun og einföldun á tilteknum, sértækum flugverndarráðstöfunum.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/5672/ESB frá 10. ágúst 2012 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/774/ESB um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd að því er varðar flugfárm og flugpóst.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/5880/ESB frá 23. ágúst 2012 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/774/ESB um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd að því er varðar aðferðir við skimun annarra einstaklinga en farþega og hluta sem þeir bera á sér.
- 9) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 66he (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 185/2010):
„– **32011 R 0859**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 859/2011 frá 25. ágúst 2011 (Stjtið. ESB L 220, 26.8.2011, bls. 9),

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 220, 26.8.2011, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 59, 1.3.2012, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 209, 4.8.2012, bls. 1.

- **32012 R 0173**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 173/2012 frá 29. febrúar 2012 (Stjtið. ESB L 59, 1.3.2012, bls. 1),
 - **32012 R 0711**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 711/2012 frá 3. ágúst 2012 (Stjtið. ESB L 209, 4.8.2012, bls. 1).“
2. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 66hf (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2010) 774 lokaútgáfa):
- „– **32011 D 5862**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/5862/ESB frá 17. ágúst 2011 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/774/ESB um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd að því er varðar flugfarm og flugpóst,
 - **32011 D 9407**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/9407/ESB frá 21. desember 2011 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/774/ESB að því er varðar flugfarm og flugpóst,
 - **32012 D 1228**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/1228/ESB frá 29. febrúar 2012 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/774/ESB að því er varðar nánari útlistun og einföldun á tilteknum, sértækum flugverndarráðstöfunum,
 - **32012 D 5672**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/5672/ESB frá 10. ágúst 2012 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/774/ESB um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd að því er varðar flugfarm og flugpóst,
 - **32012 D 5880**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/5880/ESB frá 23. ágúst 2012 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/774/ESB um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd að því er varðar aðferðir við skimun annarra einstaklinga en farþega og hluta sem þeir bera á sér.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 859/2011, (ESB) nr. 173/2012 og (ESB) nr. 711/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. febrúar 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.